

# Lög UIF

## 1. KAFLI RÉTTINDI OG SKYLDUR UÍF

### 1. gr.

Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF), er samband íþróttá- og ungmennafélaga í Fjallabyggð. UÍF er aðili að Íþróttá- og ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Heimili og varnarþing UÍF er í Fjallabyggð.

### 2. gr.

Hlutverk UÍF er að:

- Hafa frumkvæði, efla, samræma og skipuleggja íþróttastarf í Fjallabyggð í samræmi við lög ÍSí og UMFÍ.
- Vera í forystu um íþróttamál héraðsins og vera fulltrúi ÍSí og UMFÍ á þeim vettvangi.
- Annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn Fjallabyggðar og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Varðveita og skipta milli aðildarfélaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- Staðfesta lög og allar lagabreytingar aðildarfélaga auk þess að halda utan um staðfest lög aðildarfélaga.
- Fylgjast með að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og lögum ÍSí og UMFÍ.
- Veita umsögn um íþróttamál og íþróttamannvirki í héraði.
- Fylgja eftir starfsemi og skýrsluskilum aðildarfélaga.
- Stuðla að fræðslu og forvörnum innan vébanda aðildarfélaga.
- Vera fulltrúi aðildarfélaganna á vettvangi ÍSí, UMFÍ og sérsambanda.
- Tilkynna ÍSí, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda, sbr. 4. gr.

## 2. KAFLI

### RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGA UÍF

### 3. gr.

Þau félög með lögheimili í Fjallabyggð, sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni og hafa verið samþykkt af ÍSí og UMFÍ, eiga rétt á að gerast aðilar að UÍF, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem sett eru í lögum ÍSí, UMFÍ og UÍF.

### 4. gr.

Óski félag eftir aðild að UÍF, sendir það stjórn UÍF umsókn ásamt lögum félagsins, upplýsingum um stofndag, ár, stjórn og félagatal. Við inngöngu nýs félags öðlast það keppnisréttindi. Skal stjórn UÍF tilkynna ÍSí og UMFÍ og viðkomandi sérsambandi um aðildina. Inngönguna skal

staðfesta á næsta þingi UÍF og verður félagið þar með fullgildur aðili að UÍF. Á því þingi hefur félagið seturétt.

4. gr. a

Hafi aðildarfélag á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, sbr. lög viðkomandi aðildarfélags. Stofnun deilda skal tilkynna UÍF sem tilkynnir viðkomandi sérsambandi.

5. gr.

Aðildarfélögum UÍF er skylt að senda starfsskýrslu skv. úthlutunarreglum UÍF á styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga, til stjórnar UÍF fyrir 7. maí ár hvert í því formi sem UÍF ákveður. Jafnframt er aðildarfélögum skylt að senda ÍSÍ skýrslur í því formi sem sambandið ákveður.

6. gr.

Reikningsár UÍF er almanaksárið. Aðildarfélög sem ekki hafa skilað starfsskýrslu, missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UÍF. Hafi skýrslur ekki verið sendar fyrir þing UÍF næsta ár á eftir og aðalfundur ekki haldinn skal stjórn UÍF taka ákvörðun um réttindi aðildarfélagsins og skyldur þess í samræmi við 7. gr..

7. gr.

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn UÍF, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Í því skyni skal UÍF hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga og ef ástæða þykir til getur stjórn UÍF tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags. Aðildarfélag getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.

7.gr.a

Aðildarfélag getur misst öll réttindi sín innan UÍF ef það brýtur lög UÍF, lög ÍSÍ eða lög UMFÍ. Stjórn UÍF tekur ákvörðun um viðurlög. Ákveði ársþing UÍF að víkja aðildarfélagi úr því er UÍF skylt að tilkynna það ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi.

8. gr.

Gangi aðildarfélag úr UÍF skal tilkynning um slíkt hafa borist stjórn skriflega a.m.k. mánuði fyrir ársþing UÍF og tekur úrsögnin gildi á því ársþingi.

9. gr.

Hafi félag misst aðild að UÍF getur það óskað eftir aðild á grundvelli 4. gr.

9. gr. a

Í lögum allra aðildarfélaga UÍF skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna aðildarfélags.

### 3. KAFLI

#### ÁRSPING UÍF

##### 10. gr.

Árสปing UÍF skal halda árlega fyrir maí lok og skal stefnt að því að það sé haldið í Ólafsfirði og á Siglufirði til skiptis. Til þings UÍF skal boða rafrænt nema aðildarfélag óski sérstaklega eftir að það sé gert bréflega, með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal senda aðildarfélögum dagskrá þingsins og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum er stjórnin hyggst leggja fyrir þingið. Aðildarfélög skulu senda stjórn UÍF sínar tillögur um lagabreytingar og aðrar tillögur, sem aðildarfélag óskar að verði ræddar á næsta þingi þremur vikum fyrir þing. Tillögur að lagabreytingu þurfa að koma fram í útsendri dagskrá þingsins. Gögn á árสปingi skulu vera í rafrænu formi, verði því við komið.

##### 11. gr.

Árสปing UÍF er fulltrúaþing og hefur hvert aðildarfélag UÍF rétt til að senda fulltrúa á það. Fulltrúafjöldi skal reiknast eftir fjölda félagsmanna, miðað við síðustu skýrsluskil aðildarfélags til ÍSÍ. Aðildarfélag með færri en 50 félaga má senda 2 fulltrúa, en síðan einn fulltrúa fyrir hverja 50 félaga, þó aldrei fleiri en 9 frá hverju aðildarfélagi. Kjörnir þingfulltrúar til árสปings UÍF hafa tillögurétt og atkvæðisrétt. Enginn fulltrúi má fara með fleiri en eitt atkvæði.

Þingfulltrúar eða varamenn þeirra hafa atkvæðisrétt. Fulltrúi getur aðeins farið með atkvæði að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og það staðfest af þinginu.

##### 12. gr.

Á þingi UÍF eiga sæti fulltrúar þeir, sem aðildarfélög UÍF hafa kjörið til þingsetu skv. 11. gr.. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórnarmenn UÍF, varamenn þeirra og starfsmenn UÍF
- b) Skoðunarmenn UÍF.
- c) Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ.
- d) Fulltrúar Fjallabyggðar og ríkisins um íþróttamál.
- e) Formenn þingnefnda UÍF ef til eru.
- f) Fulltrúar frá félögum sem bíða staðfestingu á inngöngu.

Auk þess getur stjórn UÍF boðið öðrum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

##### 13. gr.

Störf þingsins eru:

1. Formaður UÍF setur þingið.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.
4. Álit kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram árskýrsla stjórnar svo og skoðaðir reikningar seinasta árs.
6. Umræður um ársskýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar.

7. Ávörp gesta.
8. Kosning þingnefnda: kjörnefnd (3), allsherjar- og laganefnd (5) og fjárhagsnefnd (3)
9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

#### ÞINGHLÉ

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
13. Kosningar. Álit kjörnefndar
14. Kosning stjórnar, sbr. 16. gr.. Skal formaður kosinn sér, en hina í einu lagi. Kosning tveggja skoðunarmanna.
15. Önnur mál.
16. Þingslit.

Kosningar skulu vera skriflegar, nema þeir sem tilnefndir eru séu jafn margir þeim sem kjósa skal. Til að ná kjöri sem formaður þarf einfaldan meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa milli þeirra tveggja sem efstir eru með sama hætti og við fyrri umferð.

#### 14. gr.

Lögum UÍF verður aðeins breytt á ársþingi UÍF með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða þingfulltrúa. Um kjör stjórnar fer skv. ákvæðum 16. gr.. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum um tillögur varðandi önnur málefni.

#### 15. gr.

Aukaþing skal haldið ef 2/3 aðildarfélaga óska þess. Ennfremur skal halda aukaþing ef tilmæli koma um það frá stjórnnum ÍSÍ og UMFÍ. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukaþings, er helmingi styttri en til reglulegs ársþings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega ársþingi þar á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér, eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt þing.

## 4. KAFLI

### STJÓRN UÍF OG STARFSSVIÐ

#### 16. gr.

Stjórn UÍF skal kosin á ársþingi UÍF. Hún skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, að formanni meðtöldum. Formaður er kosinn í sérstakri kosningu til eins árs í senn. Hvert aðildarfélag skal tilnefna einn fulltrúa sem er í kjöri til aðal- og varamanna og skila til stjórnar UÍF eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Láti félag hjá líða að tilnefnda fulltrúa til stjórnarkjörs er litið

svo á að formaður þess sé tilnefndur. Úr þessum hópi skal kjósa fjóra aðalfulltrúa og tvo til vara. Þeir fjórir sem flest atkvæði fá mynda aðalstjórn með formanni. Atkvæðamagn ræður röðun varamanna þannig að sá þeirra sem fær flest atkvæði er fyrsti varamaður o.s.frv. Kjörtímabil stjórnar skal vera tvö ár, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Verkaskipting stjórnar skal vera: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi.

Fjallabyggð á kost á að tilnefna áheyrnarfulltrúa í stjórn UÍF og ákveður stjórn hvaða fundi áheyrnarfulltrúi situr.

Þurfi að kjósa alla fulltrúa í stjórn af einhverjum ástæðum skal kosið þannig að þeir tveir sem fá flest atkvæði sitja í tvö ár, næstu tveir í eitt ár.

#### 17. gr.

Stjórn UÍF skal framfylgja ákvörðunum ársþings og aukapinga UÍF svo og laga UÍF. Stjórnin setur sér starfsreglur. Stjórnin getur skipað starfsnefndir. Formaður kallar saman stjórnarfundi, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og oftár ef þörf þykir. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er mættur. Til stjórnarfundar þarf að boða með a.m.k. sólarhringsfyrirvara.

#### 18. gr.

Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skal stjórn UÍF halda fund með formönnum aðildarféлага, þar sem stjórnin skýrir störf sín og viðfangsefni UÍF eru rædd. Til slíkra fundi skal boða til með tveggja vikna fyrirvara.

#### 18. gr. a

Ef stofnað er sérráð skal stjórn UÍF gera starfsreglur fyrir sérráðið og kynna það sérsambandi í viðkomandi íþróttgrein.

## 5. KAFLI

### SLIT UÍF

#### 19. gr.

UÍF verður ekki slitið nema á ársþingi og því aðeins að 3/4 hlutar atkvæðisbærra þingfulltrúa, sbr. 11. gr. samþykki. Með slíkri samþykkt er störfum þingsins tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars þings sex mánuðum síðar. UÍF er formlega slitið sé það samþykkt með 3/4 hlutum atkvæðisbærra þingfulltrúa.

#### 20. gr.

Við slit UÍF skulu eignir þess renna til uppbyggingar íþróttamála í Fjallabyggð, undir forystu þar til kjörinnar nefndar. Það telst ekki slit ef sambandið sameinast öðrum hliðstæðum samtökum í öðrum héruðum. Fundargerðir og gögn UÍF skulu varðveittar á héraðskjalasafni Fjallabyggðar.

Lög þessi eru samþykkt samhljóða á ársþingi UÍF þann 22. maí 2014. Lagabreytingar samþykktar á ársþingi UÍF þann 31. maí 2023, sbr. á ársþingi UÍF þann 21. maí 2024.

Lögin eru staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ á fundi hennar þann \_\_\_\_ og laganefnd UMFÍ þann 26. janúar 2015 og öðlast þegar gildi.